



## Uppbygging knattspyrnuaðstöðu á Torfnesi

Gervigras á aðalvöll  
Fjölnota hús







## Efnisyfirlit

1	Formáli .....	4
2	Helstu niðurstöður .....	5
3	Starfshópur .....	6
4	Aðalvöllur .....	7
4.1	Byggingarkostnaður – Nýtt gervigras á aðalvöll, með eða án hitalagna. ....	7
4.2	Rekstrarkostnaður – Nýtt gervigras á aðalvöll, með eða án hitalagna. ....	8
5	Fjölnota hús .....	9
5.1	Stærð, ásýnd og umhverfi.....	9
5.2	Tegundir húsa. ....	10
5.3	Byggingarkostnaður. ....	11
5.4	Rekstrarkostnaður. ....	13
6	Notkun og áhrif fjölnota húss .....	14
6.1	Óbein áhrif - áhrif á íþróttahúsin á Torfnesi og önnur hús .....	14
6.2	Notagildi fjölnota húss .....	15
6.2.1	Íþróttatengd starfsemi.....	15
6.2.2	Viðburðir/menning .....	16
7	Lokaorð .....	17



## 1 Formáli

Boltafélag Ísafjarðar, sem nú er orðið hluti af íþróttafélaginu Vestra, sendi frá sér yfirlýsing� í lok marsmánaðar 2015.

Í þessari yfirlýsing� er vilja bæjarstjórnar til uppbyggingar á knattspyrnusvæði við Torfnes fagnað. Grasvöllurinn er í dag vægast sagt illa farinn. Bæjarstjórn hefur gefið út að vilji sé til þess að endurnýja núverandi grasvöll og byggja í hans stað nýjan upphitaðan gervigrasvöll.

Fagna ber þessum áformum, sem bæjarstjóri kynnti í grein í Bæjarins Besta 9.mars 2015. Starfshópur sá er setur þessa skýrslu saman, vill þó benda á að upphitun gervigrasvallar þarf að skoða mjög vel. Vænlegra er að sleppa upphitun á nýjum gervigrasvelli og færa þá fjárhæð sem þannig sparast í byggingu fjölnota húss.

Þessi starfshópur, um uppbyggingu knattspyrnuaðstöðu á Torfnesi, var stofnaður í byrjun apríl 2015. Skoðaðir hafa verið ítarlega ýmsir möguleikar hvað varðar framtíðarnotkun knattspyrnusvæðis við Torfnes.

Það er von okkar, að skýrslan varpi skýru ljósi á þá valkosti sem hafa verið í umræðunni. Nokkurs misskilnings hefur gætt hvað varðar umfang og kostnað. Skýrslan mun vonandi einnig verða til þess að teknað verði skynsamlegar ákvarðanir sem fljótt og vel leiða til þess að Torfnessvæðið verði til fyrirmynðar, með nýju gervigrasi á aðalvöll og fjölnota hús við Vallarhúsið.

Alltof lengi hefur framtíð og skipulag Torfnessvæðis verið í óvissu. Nauðsynlegt er að sátt náist um ásýnd og skipulag svæðisins. Vera má, að ekki sé til fjármagn til nauðsynlegra framkvæmda, en það á ekki að hindra það að samþykkt skipulag liggi fyrir.

Með tilkomu yfirbyggðs fjölnota húss batnar ekki einungis öll aðstaða fyrir knattspyrnu, heldur einnig aðrar íþrótttagreinar. Þannig verður meiri tími í íþróttahúsinu fyrir t.d. körfubolta, handbolta og blak. Einnig er vert að benda á að verði farið í þær framkvæmdir sem tillögur eru um í þessari skýrslu, þá verður komið hús sem getur hýst fjölbreytta starfsemi og viðburði en lengi hefur verið þörf fyrir slíkt húsnæði á svæðinu.

Það er okkar von að þessi skýrsla, sem sett er saman af breiðum hópi áhugafólks um framgang knattspyrnunnar á norðanverðum Vestfjörðum, verði til þess að ná góðri sátt um uppbyggingu íþróttamannvirkja á Torfnesi og flýti fyrir nauðsynlegum framkvæmdum sem afar brýnt er að hefja eins fljótt og kostur er.

Allar tölur í þessari skýrslu eru í íslenskum krónum og með virðisaukaskatti.



## 2 Helstu niðurstöður

Lagt er til að gras á aðalvelli verði sem fyrst endurnýjað með gervigrasi. Nýr gervigrasvöllur verði ekki með upphitun en þess í stað verði hafist handa við byggingu fjölnota húss á hluta núverandi gervigrasvallar.

### Kostnaðartölur:

- Nýtt gervigras án hitalagna, kostar um 112 milljónir króna.
- Nýtt gervigras með hitalögnum, kostar um 156 milljónir króna.
- Rekstur gervigrasvallar með hitalögnum, kostar frá 14 milljónir króna á ári
- Fjölnota hús 45x70m. Límtré, kostar um 262 milljónir króna.
- Fjölnota hús 45x70m. Stálgrind m. dük, kostar um 235 milljónir króna.
- Fjölnota hús 45x70m. Stálgrind einangrað, kostar um 250 milljónir króna.

### Nokkrir punktar:

- Skipta þarf út grasi á aðalvelli og setja í stað þess gervigras.
- Ekki á að hafa nýjan gervigrasvöll upphitaðan sökum mikils rekstrarkostnaðar.
- Starfshópurinn hefur skoðað ítarlega kostnað vegna endurnýjunar grasvallar með gervigrasi.
- Strax á eftir endurnýjun grassins á að hefjast handa við byggingu fjölnota húss.
- Starfshópurinn telur skynsamlegast að byggja hús á núverandi gervigrassvelli.
- Svæðið rúmar vel hús allt að 45x70m, yfir hálfan knattspyrnuvöll.
- Gæta þarf þess að hæð hússins spilli ekki um of útsýni í nágrenni þess.
- Hús af þessari stærð, sem nýtir aðstöðu vallarhúss er ódýrasti kosturinn og fullnægjandi.
- Hús sem þetta léttir til muna á íþróttahúsinu auk þess sem önnur starfsemi mun án efa geta nýtt sér húsið.



### 3 Starfshópur

Starfshóp þennan skipuðu eftirfarandi:

- Halldór V. Magnússon, formaður
- Elísabet Samúelsdóttir
- Gísli Gunnlaugsson
- Gísli Jón Hjaltason
- Jóhann Birkir Helgason
- Jóhann Króknes Torfason
- Jón Páll Hreinsson

Fundir voru fjölmargir, ýmist allur hópurinn saman auk þess sem sem unnið var í smærri hópum.

Leitað var til sérfróðra aðila varðandi ýmsa verkþætti og kunnum við þeim miklar þakkar fyrir.

Helsta verkefni þessa hóps hefur verið að skoða eftirfarandi:

- Nýr knattspyrnuvöllur með gervigrasi með upphitun.
  - Byggingar- og rekstrarkostnaður.
- Nýr knattspyrnuvöllur með gervigrasi án upphitunar.
  - Byggingar- og rekstrarkostnaður.
- Nýtt fjölnota hús.
  - Staðsetning fjölnota húss.
  - Tegund, stærð og notkunarmöguleikar fjölnota húss.
  - Byggingar- og rekstrarkostnaður.

Starfshópurinn hefur skoðað nokkrar gerðir fjölnota húsa, bæði innanlands sem utan og rætt við marga aðila, bæði íþróttafélög sem og umboðsaðila húsa. Fylgst hefur verið vel með því sem er að gerast í þessum málauflokki annars staðar.

Að baki þessarar skýrslu eru samtöl og fundir við fjölmarga aðila. Í skýrslunni er dregið saman í nokkuð stuttu máli það sem við teljum að varpi skýru ljósi á verkefnið.

Ítargögn eru fjölmörg og erum við sem þennan hóp skipa tilbúin að fara nákvæmar í mismunandi þætti skýrslunnar, ef vilji er fyrir því sérstaklega.



## 4 Aðalvöllur

Þann 19. júní 1968 fór stjórn íþróttavallarins á Ísafirði þess á leit við Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen að athuga möguleika til úrbóta á slitlagi íþróttavallar Ísafjarðar. Í úttektinni kom fram að slitlagið væri 10-20 cm þykkt og mjög laust í sér. Í ljós kom að slitlagið var einungis hugsað sem undirlag undir hið raunverulega slitlag sem átti að vera 10 cm þykkt.

Tíu árum síðar, í september 1978, var völlurinn teiknaður upp af Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen og framkvæmdir við gerð grasvallar hófust strax í kjölfarið.

Umhverfis völlinn voru lagðar drenlagnir, hálfþökkuð 6“ steinlögn ásamt niðurföllum, jafnframt var lögð 40 mm plastlögn frá vallarhúsi umhverfis hálfan völlinn. Torf ofan á völlinn var tekið á Seljalandstúni.

Völlurinn hefur reynst vel en þolir ekki mikið álag og hefur því ekki verið hægt að nota hann bæði undir keppni og æfingar.

Núverandi grasvöllur er því að verða 38 ára gamall og ekki óeðlilegt að komið sé að endurnýjun. Ofangreindar upplýsingar voru notaðar við kostnaðarmat á gerð gervigrasvallar.

Starfshópur leggur til, byggt á áætlun um byggingar- og rekstrarkostnað, að ekki verði lagðar hitalagnir undir nýtt gervigras á aðalvöll.

Þessi niðurstaða byggir á miklum kostnaði við snjóbræðslulagnir, sjá síðar í skýrslunni.

Hér á eftir má sjá sundurliðaða kostnaðaráætlun vegna endurnýjunar aðalvallar á Torfnesi, með og án hitalagna. Helstu niðurstöður eru þessar:

- Nýtt gervigras án hitalagna, 112 milljónir króna.
- Nýtt gervigras með hitalögnum, 156 milljónir króna.
- Rekstur gervigrasvallar með hitalögnum, frá 14 milljónir króna /ári

### 4.1 Byggingarkostnaður – Nýtt gervigras á aðalvöll, með eða án hitalagna.

Kostnaðaráætlun miðast við að tekið sé 15 cm lag ofan af núverandi velli og farið með á tipp í nágrenni vallarins. Gert er ráð fyrir að sett verði 25 cm þykkt fyllingarefni, efni tekið úr Langá í Engidal eða úr fjöru á Óshlíðinni. Velja þarf fyllingarefnið mjög vel og því enn óljóst hvar efnið verður tekið. Fara þarf í rannsóknir á efninu áður en lengra er haldið.

Ofan á fyllingarefnið kemur 10 cm þykkt sandlag. Gert er ráð fyrir að álíka gras komi á völlinn og lagt var nýverið á völl íþróttafélagsins Vals við Hlíðarenda í Vatnsmýrinni.



Innifalið í heildarkostnaði auk jarðvinnu, lýsingar og gervigrass, er girðing umhverfis völlinn, tæki til að þjónusta völlinn, mörk og annar ófyrirséður kostnaður.

Kostnaðaráætlun - Nýtt gervigras á Torfnesvöll	Án hitalagna	Með hitalögnum
Gröftur og burtkeyrsla	3.000.000	3.000.000
Jöfnun fyllingar, neðra sandlags og efra burðarlags	9.000.000	9.000.000
Snjóbræðslulagnir		44.000.000
Efra sandlag	11.000.000	11.000.000
Gervigrasvöllur og búnaður	64.000.000	64.000.000
Girðing og lýsing	21.000.000	21.000.000
Tímovinna	4.000.000	4.000.000
<b>Samtals krónur m. vsk.</b>	<b>112.000.000</b>	<b>156.000.000</b>

## 4.2 Rekstrarkostnaður – Nýtt gervigras á aðalvöll, með eða án hitalagna.

Forsendur við útreikning rekstrarkostnaðar á upphituðum velli eru þessar:

- Vallarstærð 72×111 m, 7.992 m<sup>2</sup>
- Merktur völlur 68x105 m, 7.140m<sup>2</sup>
- Uppbygging vallar er eftirfarandi:
  - 25 mm plastpípur í snjóbræðslulagnir, þar ofan kemur 50 mm sandlag, því næst 20mm gúmmímotta og efst 32 mm sandfyllt gras.
- Kannaðir voru þrjár útfærslur upphitunar:
  - 150 wött á fermeter - hefðbundin eða góð snjóbræðsla.
  - 100 wött á fermeter - tiltölulega hæg snjóbræðsla
  - 70 wött á fermeter - snjóbræðsla í hægagangi.
- Til viðmiðunar var gjaldskrá OV frá 01.01.2016.

Reiknaður var út árlegur rekstrarkostnaður miðað við fjórar mismunandi aðstæður.

- A: Völlur hitaður upp í sex mánuði, nóvember til apríl. Tveir mánuðir 150w/m<sup>2</sup> og fjórir mánuðir 70w/m<sup>2</sup>. **Heildarkostnaður er tæplega 20 milljónir króna.**
- B: Völlur hitaður upp í sex mánuði, nóvember til apríl. Þrír mánuðir 100w/m<sup>2</sup> og þrír mánuðir 70w/m<sup>2</sup>. **Heildarkostnaður er um 17,5 milljónir króna.**
- C: Völlur hitaður upp í fjóra mánuði, desember til mars. Tveir mánuðir 150w/m<sup>2</sup> og tveir mánuðir 70w/m<sup>2</sup>. **Heildarkostnaður rúmar 15 milljónir króna.**
- D: Völlur hitaður upp í fimm mánuði, desember til apríl. Tveir mánuðir 100w/m<sup>2</sup> og þrír mánuðir 70w/m<sup>2</sup>. **Heildarkostnaður rúmar 14 milljónir króna.**


Meðaltalskostnaður af þessum möguleikum eru tæplega **17 milljónir króna á ári.**

## 5 Fjölnota hús

### 5.1 Stærð, ásýnd og umhverfi.

Í eftirfarandi kostnaðaráætlunum er miðað við fjölnotahús sem er um  $45 \times 70$  metrar að stærð eða um 3150 fermetrar. Húsið rúmar m.a. „hálfan fótboltavöll“ sem er löglegur keppnisvöllur yngri flokka. Á æfingatínum er hægt að hafa frítt svæði umhverfis völlinn til annarra nota, svo sem hlaupa-/göngusvæði. Vegghæð er um 5 til 6 metrar og heildar mænishæð áætluð um 12 til 13,5 metrar. Neðstu 2 til 3 metrar útveggja yrðu úr steinsteypu og ofan á þá kæmu burðargrindur úr stáli eða timbri og klæðning úr plastdúk eða stáli.

Ekki er gert ráð fyrir neinum viðbyggingum við húsið í upphafi, heldur horft til þess að íþróttavallarhúsið nýtist fyrir salernisaðstöðu, búningsaðstöðu fyrir íþróttafólk og sem þjónustuhús fyrir aðra notendur hússins. Síðar væri hægt að byggja tengigang á milli fjölnotahússins og íþróttavallarhússins.



Gert er ráð fyrir að húsið verði reist á ytri helmingi núverandi gervigrasvallar og mænisstefna yrði samsíða vellinum. Mismunandi er eftir húsgerðum hvort mænir er með broti eða bogadreginn. Einnig er mismunandi hvernig þak og veggir mætast, bogi eða brot.

Það er ljóst að svona hús mun skerða útsýni að einhverju leyti hjá íbúum í nágrenni þess. Það er mat okkar að þau hús sem hér eru til skoðunar geti fallið inn í umhverfið en gæta þarf vel að hæð húss og skapa sátt um bestu lausn. Þar þurfa ef til vill minni hagsmunir að víkja fyrir meiri. Gert er ráð fyrir því í aðalskipulagi að íþróttaaðstaða byggist upp á Torfnesi og tekur staðsetning fjölnota húss í þessari skýrslu mið af því.

## 5.2 Tegundir húsa.

Skoðaðar hafa verið þrjár tegundir húsa og þær kostnaðarreiknaðar.

### A. Hús með burðarvirki úr límtré.

Burðarvirkisgrindin er öll úr límtré, klædd með bárujární. Til að fá birtu inn í húsið kæmi báruplast við mæni og gaflar yrðu e.t.v. að hluta einnig með báruplasti. Einnig er hægt að hafa glugga með venjulegu gleri í göflum. Til loftræstingar eru op ofan við steypta vegginn og upp við mæni þar sem plastklæðningin mætir stálklæðningunni. Hús úr límtré með stálklæðningu á þaki hefur nýlega verið reist á Höfn í Hornafirði.

### B. Hús með burðarvirki úr stálgrindum.

Burðargrindin er úr stálgrindum sem klæddar eru ljósum dúk sem gefur þægilega birtu í húsið. Ekki er gert ráð fyrir að gluggum á slíkum húsum. Til að loftræsa húsin eru útsogsviftur í mæni þeirra. Stálgrindarhús með dúkklaðningu hefur verið reist í Kaplakrika í Hafnarfirði. Í Grindavík var reist hús úr stálburðargrind sem klædd var með bárujární.

### C. Hús með burðarvirki úr stálgrindum, einangrað.

Burðargrindin er úr stálgrindum sem klæddar eru með stálsamlokueiningum. Það eru einingar með stálplötum að innan og utan en á milli er einangrun. Gluggar geta verið við mæni og eða á göflum, einnig er hægt að vera með plastplötur á hluta þaksins. Til að loftræsa húsin eru útsogsviftur í mæni þeirra. Fjöldi iðnaðarhúsa, úтиhúsa og reiðhalla af þessari tegund hafa verið reist hér á landi, en minna um fjölnota íþróttahús.



Miðað er við að hús samkvæmt lið A og B verði óeinangruð. Límtréshúsið er hægt að einangra að innan með steinullareinangrun á milli timburbita í lofti og plötuklæða innan við einangrunina. Einnig er hægt að einangra þau strax í upphafi á sama hátt eða með samlokueiningum (stál-einangrun-stál) líkt og hús í lið C. Sum stálgrindarhús hafa verið einangruð, í upphafi eða síðar, með því að setja annað dúklag innan við stálgrindina.



Þar sem húsið er hugsað sem fjölnotahús er gert ráð fyrir allt að átta stórum hurðum og tveimur til þremur venjulegum gönguhurðum. Þannig verður auðvelt að rýma húsið ef mikill mannfjöldi er í því. Eins er einfalt að flytja inn og út fyrirferðamikla hluti sem tilheyra stórum hátíðum og viðburðum.

Þegar bjart er úti ætti góð birta að vera í húsinu þar sem dúkurinn á stálgrindarhúsunum hleypir birtu nokkuð vel í gegnum sig og sama gildir um plastplötur í mæni límtréshúsa. Þá er gert ráð fyrir birtustýringu þannig að lýsingin verði ávallt rétt og hægt verði að halda orkunotkun í lágmarki. Raflagnir verða lagðar að nauðsynlegum tenglum sem þurfa að vera í fjölnota húsi.

Loftræsingu með blásurum eða með öðrum hætti verður komið fyrir í húsinu og rakastigi og loftgæðum þannig haldið réttu innanhúss. Ekki er gert ráð fyrir upphitun en auðvelt er að koma því við síðar.

Drenlagnir verða lagðar umhverfis húsið til að taka við rigningarárvatni af því og yfirborðsvatni næst því. Frárennslislagnir verða lagðar frá húsinu og tengdar við frárennsliskerfi svæðisins ásamt drenlögnunum. Vatnslagnir verða lagðar að húsinu og einnig innanhús til notkunar þar. Meðal annars verða tengdar við þær brunaslöngur sem hægt er að nota til að vökkva völlinn þegar þess þarf.

Í kostnaðaráætlunum er gert ráð fyrir að nýtt og fullkomið gervigras verði lagt á völl inni í húsinu. Til að byrja með verður hluti af núverandi gervigrasvelli notaður meðfram húsinu utanverðu eftir að framkvæmdum við jarðvinnu lýkur.

### 5.3 Byggingsarkostnaður.

Kostnaður við fjölnotahús er nokkuð mismunandi og þar skipta nokkur atriði máli. Má nefna tegund burðarvirkis, (timbur eða stál), klæðning á burðargrind, (dúkur eða stálklæðning) og hvort húsið er einangrað. Einnig skiptir máli hversu mikill búnaður er settur upp í húsinu, s.s. loftræsing, ljós og annar rafmagnsbúnaður. Þessar tölur geta því eðlilega tekið breytingum við breytta stærð húss.

Í kostnaðaráætlunum er m.a. stuðst við verðupplýsingar frá framleiðendum og innflytjendum burðarvirkja, klæðninga og annars byggingarefnis fyrir hús eins og hér er til skoðunar. Má því gera ráð fyrir að þegar framkvæmdir hefjast verði tilboð í byggingarefnri hagstæðari en þau verð sem nú liggja fyrir við gerð þessara kostnaðaráætlana. Ekki síst á það við ef farið verður í sameiginlegt útboð á efni með félögum í öðrum landshlutum sem áforma byggingu samskonar húsa.



#### A. Sundurliðuð kostnaðaráætlun fyrir límtréshús, 45 x 70 m eða 3150 ferm:

1. Aðstöðusköpun, jarðvinna og neðra burðarvirki	62,0 millj.
2. Frárennslislagnir, vatnslagnir, raflagnir, lýsing, loftræsting, útihurðir og annar frágangur	16.0 millj.
3. Burðarvirki húss, klæðning utanhúss og uppsetning	150.0 millj.
4. Gervigras, nýtt innanhúss, endurnotað utanhúss	24.0 millj.
5. Hönnun, umsjón, byggingarleyfisgjöld og fleira	10.0 millj.
<b>Samtals krónur með VSK</b>	<b>262.0 millj.</b>

**Kostnaður á hvern fermetra áætlaður** **83.170,- krónur**

Kostnaður við að einangra húsið að innan með steinull og klæða með stálplötum í loftið eftir einangrun er áætlaður 25 til 30 milljónir krónur með vsk.

Verði ákveðið að byggja breiðara hús, t.d. 50 metra í stað 45 metra, má áætla kostnaðarauka við það um 20 til 25 milljónir króna með vsk.

#### B. Sundurliðuð kostnaðaráætlun fyrir stálgrindarhús, 45 x 70 m eða 3150 ferm:

1. Aðstöðusköpun, jarðvinna og neðra burðarvirki	62,0 millj.
2. Frárennslislagnir, vatnslagnir, raflagnir, lýsing, loftræsting, útihurðir og annar frágangur	12.0 millj.
3. Burðarvirki húss, klæðning utanhúss og uppsetning	127.0 millj.
4. Gervigras, nýtt innanhúss, endurnotað utanhúss	24.0 millj.
5. Hönnun, umsjón, byggingarleyfisgjöld og fleira	10.0 millj.
<b>Samtals krónur með VSK</b>	<b>235.0 millj.</b>

**Kostnaður á hvern fermetra áætlaður** **74.600,- krónur**

Kostnaður við að einangra húsið að innan með því að setja annað dúklag innan á stálgrindina er áætlaður um 15 milljónir króna með vsk.

Verði ákveðið að byggja breiðara hús, það er 50 metra í stað 45 metra, má áætla kostnaðarauka við það um 18 til 24 milljónir króna með vsk.

#### C. Sundurliðuð kostnaðaráætlun fyrir einangrað stálgrindarhús, 45 x 70 m eða 3150 ferm:

1. Aðstöðusköpun, jarðvinna og neðra burðarvirki	62,0 millj.
2. Frárennslislagnir, vatnslagnir, raflagnir, lýsing, loftræsting, útihurðir og annar frágangur	16.0 millj.
3. Burðarvirki húss, klæðning utanhúss og uppsetning	138.0 millj.
4. Gervigras, nýtt innanhúss, endurnotað utanhúss	24.0 millj.
5. Hönnun, umsjón, byggingarleyfisgjöld og fleira	10.0 millj.
<b>Samtals krónur með VSK</b>	<b>250.0 millj.</b>

**Kostnaður á hvern fermetra áætlaður** **79.400,- krónur**

Húsið er einangrað með stálsamlokueiningum.

Verði ákveðið að byggja breiðara hús, það er 50 metra í stað 45 metra, má áætla kostnaðarauka við það um 18 til 24 milljónir króna með vsk.



## 5.4 Rekstrarkostnaður.

Byggingarlag, efnisval og allt fyrirkomulag í húsinu miðast við að halda megi rekstrarkostnaði í lágmarki. Helstu þættir sem ráða kostnaði við rekstur hússins eru eftirtaldir:

Húsvarsla - öryggisgæsla:

Ekki er gert ráð fyrir fastri viðveru starfsmanns í húsinu heldur yrði það vaktað af starfsmönnum íþróttahússins á Torfnesi með myndavélakerfi. Strangar umgengnisreglur verða settar um notkun hússins og þjálfarar þeirra liða sem eru með æfingar hverju sinni í húsinu gerðir ábyrgir fyrir að reglum sé fylgt. Sjálfvirkar tímalaesingar má setja á útihrðir þannig að þær læsast eftir tiltekinn tíma á kvöldin, lýsingu má stýra á sama hátt eins og áður hefur verið getið.

Rafmagn:

Við almenna notkun hússins fer mesta rafmagnsnotkunin í lýsingu innanhúss. Hagkvæmast er að setja stýringu á lýsinguna sem tekur tillit til birtustigs utanhúss og þeirrar notkunar sem fram fer í húsinu hverju sinni. Einnig verður nokkur rafmagnsnotkun vegna loftræsiblásara í húsinu, en fjöldi þeirra fer nokkuð eftir tegund hússins og byggingarlagi.

Viðhald:

Almennt viðhald á húsinu ætti að vera í lágmarki fyrstu árin þó gæta þurfi þess að vanrækja það ekki í byrjun, bæði á húsinu sjálfu og öllum búnaði þess. Gervigrasínu þarf hins vegar að sinna reglulega, m.a. með vökvun og bursta (slóðardraga) það nokkrum sinnum á ári.

Annar kostnaður:

Ekki er lagt mat á annan kostnað, svo sem tryggingar, fjármagnskostnað og afskriftir í þessari skýrslu.

### Áætlaður árlegur rekstrarkostnaður:

Húsvarsla – öryggisgæsla	300.000,-
Rafmagn	800.000,-
Viðhald	400.000,-
<u>Annar kostnaður</u>	
<b>Samtals krónur m. vsk.</b>	<b>1.500.000,-</b>



## 6 Notkun og áhrif fjölnota húss

Hús af þeirri stærð sem mælt er með í skýrslu þessari er um 45 x 70 metrar. Notagildi er bæði tengt íþróttaiðkun sem og annarri starfsemi. Í skýrslunni er gert ráð fyrir því að nýta megi snyrti- og baðaðstöðu í vallarhúsinu, enda fjarlægð á milli húsa einungis nokkrir metrar.

Forsendur við hönnun hússins:

- Stærð húss verður 45 x 70 metrar.
- Búningsaðstaða verður í íþróttavallarhúsi.
- Húsið verður að jafnaði ekki upphitað, en auðvelt að koma því við með hitablásurum.
- Ekki er gert ráð fyrir fríu svæði í húsinu utan við gervigras, svo sem hlaupabraut og tartan gólf.
- Á húsinu verða 6-8 hurðir sem tryggja gott aðgengi á stærri viðburði.
- Ef gervigras þolir ekki stærri viðburði, má leggja gólfleka úr timbri yfir það.
- Eftirlit með húsinu verði frá starfsfólk íþróttahússins og opnunartími samrýmdur.
- Sett verði upp eftirlits myndavélakerfi.

### 6.1 Óbein áhrif - áhrif á íþróttahúsin á Torfnesi og önnur hús

Eftirspurn eftir tímum í íþróttahúsinu á Torfnesi hefur undanfarin ár verið mun meiri en framboðið. Íþróttafélög innan HSV leggja á hausti hverju fram óskir um tíma og ávallt þarf að skera verulega niður. Með nýju fjölnota húsi losnar verulega um ásókn í íþróttahúsið. Samkvæmt yfirliti sem tekið var saman af HSV í janúar 2016 eru tímar sem nýttir eru til knattspyrnu iðkunar 17% af heildarnýtingu hússins, að mestu barna og unglingsastarf. Þessir tímar, ásamt drjúgum tíma skólakennslu og annarrar notkunar, munu færast yfir í fjölnota hús.

Í dag er skipting tíma í íþróttahúsinu á Torfnesi eftirfarandi:

	Vestri knattsp.	Hörður	Vestri karfa	Vestri blak	Kubbi	Skólar, eyður	Íþr.skóli HSV	Annað	Samtals
% hlutf. notkunar	17	14	17	9	6	24	4	9	100

Að vetri til fara æfingar meistaraflokka karla og kvenna í knattspyrnu að mestu leyti fram í íþróttamiðstöðinni Árbæ í Bolungarvík. Þar er knattspyrna með um 47% af úthlutuðum tímum til íþróttafélaga, körfubolti 28% og handbolti 8%. Íþróttahúsið að Austurvegi er nánast ekkert notað til knattspyrnu iðkunar. Íþróttahúsin á Suðureyri og Flateyri eru lítið notuð af íþróttafélögum.

Vert er að benda á að gífurlegur vöxtur er í fimleikum og að fenginni reynslu annarra, til að mynda frá austfjörðum, má ætla að svipaður vöxtur verði hér innan einhverra ára.

Ljóst er að fjölnota hús mun létta á verulega á íþróttahúsum á svæðinu sem nú þegar eru fullnýtt og undir mikilli pressu um úthlutun tíma. Eftirspurn eftir tímum í íþróttahúsinu á Torfnesi er slík að full þörf væri fyrir byggingu annars hús að óbreyttu.



## 6.2 Notagildi fjölnota húss

### 6.2.1 Íþróttatengd starfsemi

Hér er fjallað um möguleika til iðkunar ýmissa íþróttagreina í fjölnota húsi á Torfnesi . Ekki er um að ræða formlegt álit forsvarsmana íþróttafélaganna, heldur er þetta álit skýrsluhöfunda sem byggir á reynslu þeirra og þekkingu.

#### **Knattspyrna:**

Reynsla knattspyrnufélaga sem hafa hliðstæð hús, sýnir að hús af umræddri stærð nýtast til að æfa öll þau atriði sem þarf að æfa á undirbúningstímabili. Hægt er að æfa föst leikatriði, uppspil, sókn og vörn á hálfum velli.

Stefnt er að því að völlurinn verði í löglegri stærð fyrir keppni sjómanna liða og nýtist hann þannig afar vel til æfinga og keppni fyrir yngri flokka. Völlurinn verður í löglegri stærð fyrir keppni barna.

Sunnan við húsið mætti koma fyrir  $\frac{1}{2}$  velli, 60 x 50 metra og annan 50 x 30 metra austan við húsið. Þessir vellir, ásamt aðalvelli og fjölnota húsi, geta lagt grunn að því að halda mótið aðkomuliða, allt að 16 talsins og jafnvel fleiri með aðstöðu í Bolungarvík.

#### **Frjálsíþróttir:**

Lítill umsvif hafa verið í frjálsum íþróttum innan HSV undanfarin ár og áratugi. Fyrirhugað hús myndi skapa tækifæri til að æfa styttri hlaup og jafnvel kastíþróttir.

#### **Golf:**

Hægt er að nýta húsið til að slá bolta og til ýmissa golfæfinga.

#### **Blak:**

Árið 2008 var haldið öldungamót í blaki á Ísafirði, en mótið er eitt stærsta íþróttamót sem haldið er á Íslandi. Í dag er ekki nægt húsnæði á Ísafirði og norðanverðum Vestfjörðum til að halda þetta móti. Fjölnota hús myndi nýtast til að setja upp viðbótar blakvelli sem duga myndu fyrir mótið. Slíkt var gert á Neskaupsstað árið 2015.

#### **Íþróttaskóli HSV:**

Með fjölnota húsi opnast möguleiki fyrir íþróttaskólann til að kynna enn fleiri íþróttagreinar í skólanum, til dæmis frjálsar íþróttir og golf auk þess sem nemendur skólans fá tækifæri til iðkunar knattspyrnu við bestu aðstæður.

#### **Eldri borgarar:**

Reynsla annarra sveitarfélaga hefur sýnt að íþróttafélög og samtök eldri borgara nota húsið til göngu og annarra æfinga.

#### **Annað:**

Fjölnota hús hafa verið nýtt til ástundunar og þjálfunar í mörgum íþróttagreinum. Má nefna æfingar tengdar körfubolta, þrekæfingar og stöðvaræfingar fyrir skíði, kennsla og æfingar í flugukasti til stangveiða og fleira.



## 6.2.2 Viðburðir/menning

Nýting hússins fyrir viðburði og menningarstarfsemi gæti vafalítið verið lyftistöng fyrir Vestfirði. Leggja þarf kerfisgólf yfir gervigrasið og hafa rekstraraðilar fjölnota húsa jafnan fengið slík kerfi leigð eða átt þau sjálfir. Ef þörf er á að hita upp hús má leigja hitablásara.

### Tónleikar og sýningar, dansleikir og skemmtanir:

Fjölnota hús hentar einkar vel fyrir tónleika og skyldra viðburða sem kalla á stórt rými. Einnig vörusýningar, skemmtanir og dansleiki.

### Hátíðir:

Rokkhátíðin „Aldrei fór ég suður“ hefur undanfarin ár glímt við húsnæðisvanda. Forsvarsmenn „Aldrei fór ég suður“ hafa rætt möguleika á nýtingu fjölnota húss fyrir hátíðina sem er vafalítið ein þekktasta tónlistarhátíð á Íslandi og dregur til sín fjölda gesta um páská ár hvert.

„Mýraboltinn“ er hátíð sem í senn er vettvangur drullu-knattspyrnu og skemmtunar. Hátíðin hefur dregið til sín hundruð gesta um árabil og tengt þeirri hátíð hefur verið efnt til skemmtana og tónleikahalds. Verði framhald á þeirri eða sambærilegum hátíðum getur fjölnota hús komið að góðum notum.

„Fossavatnsgangan“ er stórvíðburður sem telur nú allt að eitt þúsund þátttakendur. Hinn mikli fjöldi sem sækir þessa hátíð skíðamanna kallar á aðstöðu til samkomuhalds, skráningar, aðstöðu til að vinna í og bera undir skíði og fleira. Stórt hús sem getur sameinað alla grunnaðstöðu undir einu þaki væri án efa til bóta.

Rétt er að geta þess að engar formlegar viðræður eða umræður hafa farið fram við skipuleggjendur hátíða á norðanverðum Vestfjörðum. Þessar hugmyndir eru skýrsluhöfunda og settar fram til að benda á notkunarmöguleika hússins.

### Almannavarnir:

Stórt hús í miðju héraðs okkar getur nýst sem miðstöð almannavarna ef á þarf að halda.



## 7 Lokaorð

Það er ljóst að uppbygging á aðstöðu fyrir knattspyrnuiðkun á Ísafirði er bráðnauðsynleg. Ísfirsk ungmenni sem æfa knattspyrnu hafa nú þegar dregist aftur úr jafnöldrum sínum annars staðar á landinu þar sem öll aðstaða er víðast hvar mun betri en hér er.

Fjölskyldur sem hafa hug á því að flytjast hingað, skoða mjög vel þá aðstöðu sem bæjarfélagið býður uppá. Við sem hér búum, verðum öll sem eitt að sameinast um að stöðva fólksfækkun hér vestra og byggja upp gott og öflugt samfélag þar sem við bætum við þær grunnstoðir sem fyrir eru.

Eftir samtöl við forsvarsfólk annarra íþróttafélaga vítt og breitt um landið, er okkur ljóst að víða er verið að huga að svipaðri uppbyggingu og lýst er í þessari skýrslu. Verð eru hagstæð um þessar mundir og án efa hefjast framkvæmdir víða um land næstu misseri. Í þeirri staðreynd felast tækifæri og hægt að ná enn hagstæðari kjörum en ella og það tækifæri ættum við að nýta.

Mikilvægt er að knattspyrnuforystan og Vestri, nýtt íþróttafélag, bjóði Ísafjarðarbæ samvinnu um þróun svæðisins á Torfnesi. jafnframt ætti að kanna þátttöku nágrannasveitarfélaga því ljóst er að sú aðstaða sem hér er horft til gagnast ekki eingöngu íbúum Ísafjarðarbæjar heldur öllum íbúum á norðanverðum Vestfjörðum.

Verkefni sem þetta á ekki að vera átakamál í okkar samfélagi heldur eigum við að virkja samtakamáttinn og láta þetta verkefni verða að veruleika, okkur öllum til hagsbóta.

